

## Höskuldur Þráinsson

Textar fluttir á árs hátíð Háskólans 20. janúar 2001  
og á afmælisfagnaði Heimspekideildar 19. október 2001

### “Ágrip af sögu Háskólans 1966–2001”

[Þeir textar sem voru fluttir á árs hátíðinni vörðudu þá rektora sem höfðu starfað við Háskólann frá því að höfundur kom þangað sem nemandi 1966 — og reyndar að hluta til kosningabaráttuna í síðustu rektorskosningum. Sumir þessara texta voru endurfluttir á afmælisfagnaði Heimspekideildar og þá var bætt við einum kosningasöng, svona sem sýnishorni af því hvernig mætti heyja kosningabaráttu í næstu rektorskosningum. Textarnir voru tengdir með spjalli á milli. Á árs hátíðinni sá Rimlabandið um undirleik (Egill B. Hreinsson, Guðmundur Haraldsson, Páll Einarsson) en á afmælisfagnaði Heimspekideildar var það Örlygur Richter.]

#### 1. Lag Ármanns Snævarr (sbr. “All You Need is Love” (Bítlarnir))

[Ármann Snævarr var rektor þegar stúdentar urðu sem uppivöðslusamastir upp úr 1968. Það var nú ekki alltaf létt verk af því að í forystu stúdenta voru þá alls konar stjórnleysingar og vandræðamenn á borð við Björn Bjarnason, Friðrik Sófusson og reyndar textahöfundurinn líka. En Ármann hafði lag á að lægja öldurnar með þessum söng (þessi texti var ekki fluttur í fagnaði Heimspekideildar):]

Hægan nú! Hlustið nú! Hættið nú!  
Verið stilltir, vinirnir.  
All you need is law! All you need is law!  
All you need is law, law!  
Law is all you need!

#### 2. Lag Magnúsar Más Lárussonar (lag úr Star Wars)

[Magnús Már var líklega einhver fjölhæfasti rektor Háskólans. Hann var ekki bara prófessor í sagnfræði í Heimspekideild heldur hafði hann áður kennt í Guðfræðideild, auk þess sem sagt var að hann ætti til að grípa í það að gera við klukkuna í Aðalbyggingunni. Hann fann líka upp nýja aðferð til að slátra hænsnum þegar hann var prestur í Mývatnssveit, en sú aðferð er ekki lengur leyfileg samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Loks kunni hann þjóðráð þegar á bjátaði (þessi texti var ekki heldur fluttur í fagnaði Heimspekideildar):]

Er þú einmana situr,  
einsamall, bitur, vita þú skalt  
að til þín stjórnurnar stara,  
stara og bara geta leyst allt.  
Þú skreppur bara eina góða ferð út í geiminn,  
gleymir sorgum, kvíða, eynd.  
Eftir svona ferðir sigra má allan heiminn,  
sérhver raun er löngu, löngu gleymd.

### 3. Lag Guðlaugs Þorvaldssonar og Guðmundar Magnússonar

(sbr. “Money, Money, Money” (Abba))

[Þar sem textahöfundur var erlendis mestan hluta þess tíma sem Guðlaugur var rektor var ekki fjallað sérstaklega um valdatíma hans, enda var Guðmundur Magnússon úr sömu deild. Guðmundur er dagfarsprúður maður að sjá en getur þó verið harður í horn að taka eins og ýmsir hafa kynnst í Íþróttahúsinu. Hann lét líka til sín taka í rektorsembættinu, m.a. í húsnæðismálum. Þau mál hafa að vísu löngum heyrt undir Bygginganefnd Háskólans, en þar réðu löngum mestu þeir Ragnar Ingimarsson, prófesor í Verkfræðideild og síðar forstjóri HHÍ, Brynjólfur Sigurðsson, prófessor í Viðskipta- og hagfræðideild og væntanlegur forstjóri HHÍ, Sigurjón Þjörnsson, prófessor í sálfræði og fyrrum forseti Heimspekideildar en síðar Félagsvísindadeildar. Undir, yfir og allt um kring hefur svo jafnan verið ráðgjafi rektors í byggingamálum, dr. Maggi Jónsson. Rektor hefur þó jafnan síðasta orðið í byggingamálum og það hafði Guðmundur líka þegar Oddi var byggður. Sú bygging hét reyndar “hugvísindahús” á teikniborðinu og ýmsir Heimspekideildarmenn höfðu ímyndað sér að það hús yrði þá a.m.k. að einhverju leyti ætlað Heimspekideild. En söngur Guðmundar var á þessa leið:]

Maggi, Maggi, Maggi, Maggi og Raggi  
miklu ráða hér.  
Binni, Binni, Binni, bissnispinni,  
byggir handa mér.  
Þótt Oddinn sé hugvísindahús  
ég vil hann  
hagfræðinni þjóni ... og Sigurjóni ...  
og ...

[lagið stoppar skyndilega hér:] Ja, er það ekki bara nóg?

### 4. Lag Sigmundar Guðbjarnasonar (sbr. “Yesterday” (Bítlarnir))

[Sigmundur setti allt á annan endann í skólanum. Áður höfðu engir nema prófessorar verið prófessorar og enginn skipti sér af því hvað þeir gerðu. Þeir sömdu bara fyrirlestra sína og lásu þá upp fyrir nemendurnar, sem skrifuðu þá niður þegjandi og hljóðalaust. En með Sigmundi komu kröfur rannsóknaskýrslur, framgangskerfið komst á og líka stigamatskerfi og hvaðeina. Þá var ekki laust við að ýmsir söknuðu gamalla tíma, eins og fram kemur í þessum texta (þessi texti var reyndar saminn meðan Sigmundur var rektor og hefur birst í söngbók Mímis):]

Áður fyrr, allt var miklu betra áður fyrr!  
Enginn þurfti að stunda rannsóknir.  
Þá lifðu fyrirlestrarnir.  
Stúdentar stunduðu af kappi bækurnar.  
Allir þurftu’ að kunna þéringar.  
Ekkert þras og röfl og spurningar.  
Þetta er liðin tíð og nú allt er orðið breytt.  
Eilíf kröfugerð og menn læra ekki neitt  
hjá því sem áður var.  
Allir verða samt prófessorar.  
Jafnvel lítilsvirtir lektorar  
geta að lokum orðið rektorar.  
Já, það er af sem áður var!

### 5. **Lag Sveinbjörns Björnssonar** (sbr. “Wise Men Say ...” (Presley))

[Sveinbjörn var þekktur fyrir það sem rektor að hvers manns vanda leysa, allir áttu greiðan aðgang að honum og hann hlustaði vel á öll sjónarmið. Aftur á móti þótti ýmsum sem þessir stjórnarhættir væru tafsamir og háskólaráðsfundir í tíð Sveinbjörns voru með því ítarlegasta sem hafði þekkt. Hins vegar áttuðu menn sig ekki á því að þetta kann að hafa verið með ráðum gert hjá Sveinbirni:]

Vísir menn hlusta vel á þig,  
 en vilj' oft þæfa mál fram á lokastig.  
 Langa fundi oft leyfa sér  
 og litlu máli þá skiptir hvað klukkan er.  
 Preyta manna vex, þegar nálgast sex  
 þá er minna þex, einhverjir farnir heim.  
 Það má oft leysa harðan hnút  
 ef háskólaráðsmannaliðið vill komast út.

### 5. **Lag Þórólfs Þórlindssonar og Þorsteins Vilhjálmssonar** (sbr. lag Böðvars Guðmundssonar um þá “Kasper og Jesper og Jónatan” , en þær persónur gerði Torbjörn Egner þó fyrst frægar)

[Þegar tímabili Sveinbjörns lauk sóttust óvenjumargir eftir rektorsembættinu, þar á meðal þeir Þórólfur Þórlindsson og Þorsteinn Vilhjálmsson. Eftir fyrstu umferð í þeim kosningum varð þó ljóst að þeir væru úr leik og baráttan myndi standa milli Jóns Torfa Jónassonar, Vésteins Ólasonar og Páls Skúlasonar. Í tilefni af því var þessi texti lagður í munn þeirra Þórólfs og Þorsteins (hann var ekki fluttur í fagnaði Heimspekideildar):]

Þeir lofa að hressa við Háskólann,  
 þeir Jón Torfi, Vésteinn og jafnvel Páll.  
 Svo þjóðin í aðdáun horfi á hann,  
 þeir Jón Torfi, Vésteinn og jafnvel Páll.  
 Þeir hæla sér og hrósa sér og hreykja sér en ætla sér  
 bara að fá svolítið betra kaup.  
 Þetta er blekking og slúður og framboðsraup.

Nú verðum við líklega ei lengur með,  
 bara Jón Torfi, Vésteinn og jafnvel Páll.  
 Við föllum víst alls ekki fólki í geð,  
 bara Jón Torfi, Vésteinn og jafnvel Páll.  
 En rektorsskikkjan sker úr hér  
 hver skyldi síðar, haldið þér,  
 á báðum öxlunum ber' hana  
 betur en aðrir sem vilj' hana?

**7. Framboðslag Páls Skúlasonar** (sbr. “Sumarliði fullur” (eða “Fúll á móti”, Bjartmar Guðlaugsson))

[Kosningabaráttan er allaf vandasöm, ekki síst í rektorskosningum. Frambjóðendur þurfa að fá valinkunna sæmdarmenn til að vitna um ágæti sitt og auk þess þurfa þeir að hafa lag á að hæla sér mátulega mikið sjálfir — nógu mikið til að sýna að þeir hafa fulla trú á hæfileikum sínum en ekki svo mikið að menn teji það keyra úr hófi. Þetta er e.t.v. þægilegast að gera í bundnu máli eða söng og því greip Páll til þess ráðs að semja kosningasöng sem hann notaði óspart í kosningabaráttunni. Það hefur líklega ráðið úrslitum:]

Ég veit allt, ég skil allt,  
 ég er besta rektorsefnið í þessum skóla.  
 Ég get allt, ég má allt,  
 en ég hef aldrei rekið neinn eins og Vésteinn Óla.  
 Þekki hrífuhús frá orfi,  
 hugsa skýrar en Jón Torfi.  
 Haltu munni!

Ég kann allt, ég man allt,  
 ég fer vel á mynd því ég very pretty.  
 Ég leys' allt, ég bind allt,  
 ég mun gera Reykjavík að culture city.  
 Í siðfræði' er ég svaka skæður,  
 sérstakur að flytja ræður.  
 Haltu munni!

[Þeir Jón Torfi og Vésteinn voru nú dálítið slegnir yfir þessum úrslitum og Vésteinn lét sér jafnvel detta í hug að fara í meiðyrðamál við Pál vegna orðanna “Haltu munni!”, sem honum þóttu nú tæplega viðeigandi í málefnalegri kosningabaráttu og lítið skárri en “Haltu kjafti!” En Páll er háll sem áll og sagðist ekki kannast við þessa orðræðu. Hann sagðist hafa verið að beina orðum sínum til Vésteins og hann hefði alls ekki sagt “Haltu munni!” heldur “Haltu um Unni”. Við því var auðvitað ekkert að segja.]

**8. Lag Helgu Kress** (sbr. “The Girl from Ipanema” eftir Jobim (Frank Sinatra hefur flutt þetta meðal annarra))

[Í afmælisfagnaði Heimspekideildar var vakin athygli á því að það getur auðvitað verið hagstætt fyrir deildina að næsti rektor verði líka úr Heimspekideild eins og Páll. Eins og einhverjir hafa kanski tekið eftir var engin kona á meðal þeirra rektora sem fjallað var um hér á undan og því liggur auðvitað beint við að slá tvær flugur í einu höggi og stefna að því að næsti rektor verði kona úr Heimspekideild. Og vegna þess hve kosningasöngur Páls gaf góða raun er ekki seinna vænna að fara að kenna fólki kosningasöng fyrir nýjan rektorskandídat, þótt reyndar sé talsvert eftir af tímabili Páls. Þessi söngur gæti t.d. verið svona (textinn var saminn fyrir afmælisfagnar Heimspekideildar og því ekki fluttur á árs hátíð Háskólans):]

Ljóshærð prúð og lokkafögur  
 ég lagt hef stund á fornar sögur  
 en trúi fáu sem fræðimenn hafa sagt.  
 Bróklinda og buxnastrengi  
 og bækur hef ég skoðað lengi.  
 Í marga Grasa-furðu-ferð hef ég lagt.

Ó, þessir andskotans kallar!  
 Ógn eru konurnar snjallar,  
 færar og frábærar allar  
 og mér finnst vera komið að því  
 að fela' okkur stjórnina í

háskóla sem hefur talið  
 það höfuðkost að geta valið  
 sér rektor sem er ráðagóður og hress.  
 Þegar Páll segir bless  
 þá prófið þið ... Kress.

## 9. 95-ára reglan (sbr. “When I’m 64” (Bítlarnir))

[Af alkunnu lítillæti var flytjandinn tilbúinn með aukalag á afmælisfagnaði Heimspékideildar. Í formála að því var vakin athygli á þeirri mótsögn að þegar stöður við Háskóla Íslands eru auglýstar er jafnan hart barist um þær. Kandídatarnir lýsa því þá fjálglega hve mikinn áhuga þeir hafi á háskólakennslu, vilji allt grera fyrir stúdenta, séu snjallir í rannsóknum, þaulreyndir í stjórnun o.s.frv. En um leið og menn hafa fengið starfið byrja þeir að væla yfir því að það sé auðvitað alveg ómögulegt, launin alltof lág, alltof mikil kennsla, stúdentar til leiðinda og trafala, stjórnunarstörfin algjör ánauð o.s.frv. Þess vegna byrja menn að telja niður og reikna út hvenær þeir geti hætt með á fullum eftirlaunum samkvæmt hinni svokölluðu 95-ára reglu (þessi texti er reyndar 15-20 ára gamall og hefur birst í söngbók Mímis):]

Já, þetta er erfitt og stressandi starf  
og stutt mitt sumarfrí.  
Launakjörin eru líka ósköp bág  
og ekki nokkur hlunnindi’ að fá.  
Og það er nú von að þreyttur ég sé  
með þrútin augu og nef:  
Ég þrjár stundir kenni þegar ég nenni  
fyrir þessi laun sem ég hef.

Svo þarf ég að sinna ýmsu sem mér leiðist  
og mér þykir skítt eins og skiljanlegt er.  
Annars skammast María:  
Námsskipanir og nefndastörf  
og nudd við stúdenta.

Ef væri ég gamall gæti ég víst  
gert það sem mér líst.  
Ég þyrfti ekki að stressa mig á stúdentum  
sem stela smjöri frá kennurunum.  
Og það er nú von að þreyttur ég sé.  
Þetta er ekkert life.  
Ég vona það lagist, og vinna mín hægist  
When I’m 95.